Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

# Mat á stuðningsþörf barna

## Notagildi og framtíðarmöguleikar

Guðný Stefánsdóttir, þroskaþjálfi MA
Framkvæmdastjóri SIS





Ástríður Erlendsdóttir


Chien Tai Shill


Guðný Stefánsdóttir


Hildur Eggertsdóttir


Steinunn Rósa Guðmundsdóttir


Þóranna Halldórsdóttir

# Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga - 2010

- Ríkisendurskoðun taldi skipulagi og stjórnun málaflokksins ábótavant.
- Fjárveitingar til þjónustuaðila tóku ekki mið af lögbundnu mati á þjónustuþörf þeirra sem þjónustuna þurftu.
- Bent var á mikilvægi þess að yfirvöld tækju í notkun og hefðu eftirlit með matskerfi til að meta þjónustuþörf einstaklinga. Lögð var áhersla á að matskerfið uppfyllti þær kröfur sem til þess eru gerðar, m.a. um að matið sé í raun sambærilegt á landsvísu svo að fatlaðir njóti jafnræðis.
- Niðurstaða: Tryggja þyrfti samræmt mat á þjónustuþörf, miða fjárveitingar við þjónustuþörf.

# Skýrsla um eftirfylgni 2014

- Ábending um að fjárveitingar byggi á mati á þjónustuþörf hefur komið til framkvæmda eftir tilkomu SIS-A matskerfis.

- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins annast matið að fengnu samþykki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem greiðir fyrir það og nýtir niðurstöður til að meta kostnað við stuðningsþarfir fatlaðra einstaklinga.

- Ríkisendurskoðun telur að brugðist hafi verið við ábendingunni. Mælitæki til að meta þjónustuþörf einstaklinga er komið í gagnið, þ.e. SIS-matið. Einn aðili sér um framkvæmd þess fyrir þá landsmenn sem á þurfa að halda.

# Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar (2017)

Bæta þarf matsaðferðir sem notaðar eru við að greina stöðu barna og aðstoð við nemendur, með sérstakri áherslu á að grípa snemma til íhlutunar.

“Viðhaldið er kerfi til að meta þarfir á grundvelli greiningar á námsörðugleikum með þeim afleiðingum að ekki eru kannaðar aðrar leiðir til að meta þarfir sem byggjast í ríkara mæli á kennslu án aðgreiningar.”

# Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar (2017)

Viðmiðabundin úttektaraðferð

- **5. viðmið:** Meirihluti viðmælenda úr skólasamfélagi telja að ráðstöfun fjármuna taki ekki mið af sjónarmiðum um jöfnuð, skilvirkni og hagkvæmni.
- Margir eru þeirrar skoðunar að núverandi fjárveitingavenjur auðveldi starfsfólki ekki að vinna að menntun án aðgreiningar.

# Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar (2017)

- "Útlit er fyrir að kostnaður vegna einstaklingsbundinna sérþarfa í námi á grundvelli formlegrar greiningar muni aukast jafnt og þétt. Aftur á móti eru engin skýr merki um að fjárframlög séu nýtt með þeim hætti sem bestum árangri skilar."

# Upplýsingar sem matsmenn fengu á vettvangi

- Úthlutun vegna sérþarfa nemenda þótti ekki alltaf skýr.
- Úthlutun er byggð á læknisfræðilegum greiningum sem oft gefa ekki raunsanna mynd af þörfum hvers einstaks barns.
- Fagmenn skólasamfélagsins vildu mun frekar geta byggt sérhæfða vinnu sína út frá einstaklingsbundnum þörfum.
- Dæmi: Tveir 7 ára drengir með sömu greiningu, í sama bekk, með gjörólíkar þarfir fyrir stuðning.
- Upplýsingum um væntanlegar breytingar (þ.e. SIS-C) var tekið fagnandi.

# Hlutleysi og gæði grundvöllur réttlátrar skiptingar

- Það eru miklir hagsmunir í húfi ef við viljum innleiða og festa í sessi réttlátari og óháða skiptingu við útdeilingu fjármagns.
- Framkvæmd Mats á stuðningsþörf þarf því að skipuleggja þannig að þær kröfur sem til þess eru gerðar um nákvæm/ströng gæðaviðmið séu uppfyllt.

# Hlutleysi og gæði grundvöllur réttlátrar skiptingar

- Til að standast kröfur um gæði er Mat á stuðningsþörf barna lagt fyrir af sérþjálfuðum matsmönnum sem eru algjörlega ótengdir annarri starfsemi sem snýr að barninu eða því sveitarfélagi þar sem það býr í.
- Það er mikilvægt að ekki sé slegið af kröfum um gæði og að fylgst sé með vinnu matsmanna á kerfisbundinn hátt sbr. gæðaviðmið AAIDD (American Association on Intellectual and Developmental Disabilities), rétthöfum matskerfisins.
- Reglulegar mælingar á áreiðanleika og stöðugleika hjá matsmönnum.

# Hlutleysi og gæði grundvöllur réttlátrar skiptingar

- Tengsl matsmanns við sveitarfélag, áframhaldandi tengsl við framkvæmdaaðila þjónustu eða áframhaldandi tengsl við fjölskylduna s.s. í formi ráðgjafar, aðkoma að fleiri málum sem tengjast fjölskyldunni og/eða framkvæmd þjónustu getur valdið hagsmunaárekstum, skapað vanhæfi eða skert hlutleysi matsmannsins.

# Komið í veg fyrir hagsmunaárekstra

- Nú þegar er gerð krafa um að matsmenn sem starfa við Mat á stuðningsþörf fullorðinna sem unnið er fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna úthlutunar fjármuna skulu vera óháðir að öllu leiti þ.e. þeir mega ekki tengjast á annan hátt en að framkvæma matið.
- Þeir mega ekki starfa fyrir það sveitarfélag þar sem mat er framkvæmt né heldur starfa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins þar sem fjallað er um málefni fatlaðra.
- Reglulega eru framkvæmd gæðamöt útgefin af AAIDD.

# Sem sagt .........

- Með tilkomu SIS-C munu framlög vegna sérþarfa fatlaðra barna byggja á samræmdu mati þar sem þörf hvers og eins barns fyrir stuðning kemur fram, óháð tegund eða heiti fötlunar.
- Matið þarf að framkvæma af óháðum aðilum og fylgjast náið með gæðum.
- Matið er sambærilegt á landsvísu svo að fötluð börn njóti jafnræðis að þessu leiti.

# Hvar verða niðurstöður helst nýttar

- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
- Sveitarfélög
- Heimili barnsins
- Skólar
- Frístunda- og tómstundaþjónustu
- Önnur tilboð sveitarfélaga til stuðnings fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra

# Notagildi

- Niðurstöður verða nýttar til að deila fjármunum sem ætlaðir eru til að koma til móts við þarfir barna með miklar stuðningsþarfir.
- Niðurstöður nýtast sveitarfélögum og skólum til að fá heildarsýn yfir stuðningsþarfir þeirra barna sem þeir þjónusta. Þannig má t.d. sjá á hvaða sviði þarf að auka fagþekkingu og hvort verið sé að veita börnum með sambærilegar stuðningsþarfir sambærilegan stuðning.
- Niðurstöður nýtast foreldrum barnanna til að fá aukinn skilning á þörfum þeirra fyrir stuðning.

# Notagildi

- Niðurstöður nýstast sérfræðingum við skilgreiningu á þörfum barnsins fyrir stuðning á ýmsum sviðum og geta þannig orðið hluti af greiningarniðurstöðum.
- Niðurstöður nýtast þeim sem vinna með börnunum til að gera markvissar einstaklinsbundnar áætlanir um stuðning.

# Framkvæmd stöðlunar - Þeir sem veittu matsmönnum upplýsingar ásamt foreldrum



# Stuðningssvið

1. Viðfangsefni á heimili
2. Viðfangsefni í samfélagi og nærumhverfi
3. Viðfangsefni tengd skólasókn
4. Viðfangsefni tengd námi í skóla
5. Viðfangsefni tengd heilsu og öryggi
6. Félagsleg viðfangsefni
7. Viðfangsefni tengd hagsmunagæslu

- Sérstök þörf fyrir stuðning vegna heilsu og hegðunar

# Hvað metur SIS®

**Þátttakandi:**

**Væntingar**

**Ábyrgð**

**Þátttaka**

SIS-C

mælir bilið

**Tegund stuðning**

**Tíðni stuðnings**

**Daglegur stuðningstími**

**Dæmigerður jafnaldri í sama samfélagi:**

**Væntingar**

**Ábyrgð**

**Þátttaka**

aaidd
American Association on Intellectual and Developmental Disabilities

# Mat á stuðningsþörf
## Atriði lögð til grundvallar

- Jöfn tækifæri til þátttöku
- Tækifæri til sjálfsákvörðunar
- Almenn tilboð - Jöfn réttindi
- Andleg og líkamleg vellíðan
- Jákvæð félagsleg samskipti
- Þörf fyrir persónulegan stuðning en ekki samnýtta aðstoð
- Tómstundir út frá óskum, væntingum og áhugasviði
- Lýðræði

# SIS matsviðtal

- Upplýsingar sem koma fram í viðtölum og þegar matsmenn hitta barnið, varpa oft nýju ljósi á þörf fyrir stuðning.
- Aðferðafræðin sem notuð er leiðir af sér nýja sýn á möguleika og tækifæri barnsins til þátttöku.
- Lagt er upp með að ræða um óskir og væntingar sem oft á tíðum er ný nálgun.
- Stuðningur sem tekur mið af skipulagi þjónustu er ekki til umræðu.

# Að nýta aðferðafæði SIS-C matskerfisins fyrir einstakningsbundinn stuðning




- Niðurstöður og upplýsingar sem fram koma í viðtölum nýtast til að gera markvissar áætlanir fyrir hvert og eitt barn.
- Matskerfinu er ætlað að greina einstakar þarfir á hverju stuðningssviði út frá tegund og magni og gefa niðurstöður því möguleika á skilvirkari áætlun.

# Að nýta aðferðafæði SIS-C matskerfisins fyrir einstakningsbundinn stuðning




- Með því að skilja stuðningsþarfir út frá þessari aðferðafræði má gera raunhæfari áætlanir um stuðning.
- Aðferðafræðin sem lögð er til grundvallar (tegund, tíðni, tími) einfaldar að veita viðeigandi stuðning og koma í veg fyrir of mikinn eða of lítinn stuðning.

# Að nýta aðferðafæði SIS-C matskerfisins fyrir einstakningsbundinn stuðning




- Án þessara upplýsinga höfum við hingað til þurft að geta okkur til um stuðningsþörf á tilteknum sviðum, með misgóðum árangri.
- Markvissari áætlun um stuðning opnar möguleika á áhrifaríkari íhlutun þar sem settur er „fókus“ á hvað barnið þarf til að vera fullur þáttakandi og ná farsælum eða ásættanlegum árangri.

# Að nýta aðferðafæði SIS-C matskerfisins fyrir einstakningsbundinn stuðning

- Nota stigagjöf úr SIS matshefti til leiðbeiningar og úrvinnslu.
- Gera góðar lýsingar til að geta veitt viðeigandi stuðning.
- Mikilvægt fyrir barnið ………..
- Mikils virði fyrir barnið ……



## Mikilvægt fyrir ....
## (Important for .... )

- Atriði sem teljast mikilvæg fyrir, af t.d. foreldrum, kennurum eða barninu sjálfu.
- Snýr t.d. að heilsu, öryggi, kröfum, hindrunum, væntingum samfélags.

## Mikils virði fyrir ....
## (Important to ....)

- Það sem barnið segir okkur eða sýnir að sé mikilvægt fyrir það.
- Snýr að óskum, áhuga, gildismati, hagsmunum, dálæti, forgangsröðun lífsgæða, persónulegum markmiðum, eftirsóknarverðu, hafa ofan af fyrir sér.
- Tilfinningar, vilji, skoðanir.
- Hvað vil ég ekki!

# Að nýta aðferðafæði SIS-C matskerfisins fyrir einstakningsbundinn stuðning

- Skoða heildarmynd um stuðningsþörf og mynstur.
- Lesa úr niðurstöðum fyrir hvert og eitt atriði.
- Fara yfir atriði matskerfisins með tilliti til:

**Tegund og magn stuðnings**

**Mikils virði fyrir** og **Mikilvægt fyrir**.

# Heildstæð áætlun
## (Comprehensive programs)

- Niðurstöður SIS-C gefa möguleika á að útbúa heildstæða áætlun.
- Yfirgripsmikil og nær til allra stuðningssviða.
- Slík áætlun gefur möguleika á að nota íhlutunaraðferðir sem eru líklegar til að skila árangri.
- Markmið eru mælanleg.
- Reglulega er unnt að fylgjast með framvindu.

# Heildstæð áætlun (Comprehensive programs)

- Vel skilgreint innihald og ferli
- Einstaklingsmiðuð þjálfun og kennsla
- Skipulögð yfirfærsla og alhæfing
- Mat á framvindu og árangri
- Eftirlit með framvindu og gæðum
- Þátttaka fjölskyldu



# Samvinnuverkefni og sameiginleg ábyrgð

- Á vettvangi er vilji til að vinna faglega en skortur á teymi til að vinna með.
- Fagmenn mikið einir með ábyrgð.
- Stuðningsfulltrúar of mikið einir og oft á tíðum með of mikla ábyrgð.
- Aðgangur að ráðgjöf takmarkaður eða enginn.



# Samvinnuverkefni og sameiginleg ábyrgð

*Teymisvinna*

- Gera ráð fyrir meira samstarfi.
- Reglulegum fundum og fræðslu.
- Þörf á að skilgreina aðgang að ráðgjöf.

# Leiðbeiningar um viðurkennt verklag (Best Practice Guidelines)

- Heildstæðar áætlanir um stuðning
- Skipulagt mat á framvindu – reglulegar áherslubreytingar eftir mat
- Ef árangur er ekki ásættanlegur:

*a. Auka styrk þjálfunar/kennslu – fjölga tímum*

*b. Breyta áherslum*



*c. Fækka í hóp*

*d. Fá viðbótar stuðning eða ráðgjöf*

*e. Leggja áherslu á meðferðarheldni*

# Mat á framvindu

1

- Að hve miklu leiti var stuðningsáætlun framfylgt?

2

- Hvernig gekk að veita þann stuðning sem óskað var eftir í áætlun?

3

- Að hve miklu leiti hafa markmið um stuðning náðst?

# Notagildi og framtíðarmöguleikar

- Niðurstöður Mats á stuðningsþörf fyrir börn nýtast til „réttlátrar“ útdeilingar á fjármagni.
- Innleiðing matskerfisins eykur möguleika á jafnrétti, fullri þátttöku og vonandi auknum lífsgæðum fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra.
- Niðurstöðurnar nýtast við gerð markvissra áætlana um stuðning og í kjölfarið árangursríkari íhlutun sem hlýtur að vera markmið okkar allra.

